

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

*Óveruleg breyting á deiliskipulagi Sólborgarsvæðis.*

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 13. desember 2018 óverulega breytingu á deiliskipulagi Sólborgarsvæðis. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Varmá og spildu úr landi Reykja til vesturs, Ölfusborgum og opnu svæði undir Reykjafjalli til norðurs, landi Gljúfurárholts til austurs og hringvegi (Suðurlandsvegi) til suðurs. Breytingin felur í sér að áður en uppbygging hefst á Sólborgarsvæðinu verði deiliskipulag þess aðlagð legu tengivegar eins og hún er sýnd í aðalskipulagi. Tengivegurinn sem um ræðir liggur samsíða hringvegi frá Varmá að landi Gljúfurárholts.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast nú þegar gildi.

*Hveragerði, 13. mars 2019.*

**Guðmundur F. Baldursson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2019